

LÖG

**um viðauka við lög nr. 35 30. apríl 1993,
um eftirlit með skipum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við löginn bætist svofelldur **viðauki:**

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna er heimilt að flytja inn að nýju fiskiskip sem flutt hafa verið úr landi eftir 1. september 1992 vegna þess að þau voru endurnýjuð með öðru skipi á grundvelli 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, enda fullnægi þau öðrum skilyrðum fyrir íslenskri skráningu skipa.

Sama gildir um fiskiskip sem keypt hafa verið erlendis frá til veiða utan íslenskrar efnahagslögsögu eftir 1. september 1992 til 30. apríl 1994 enda fullnægi þau öllum skilyrðum fyrir íslenskri skráningu öðrum en ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990,
um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Falli veiðileyfi skips skv. 1. mgr. þessarar greinar niður má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað enda hafi slíkum rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Er heimilt að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er úr flotanum hverfur eða úrela fleiri en eitt skip í stað skips er í flotann bætist enda sé tryggt að afkastageta fiskiskipaflotans aukist ekki við skiptin. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa.